



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is  
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Sveitarfélagið Árborg

Sveinn Pálsson byggingarfulltrúi: [sveinn.palsson@arborg.is](mailto:sveinn.palsson@arborg.is)  
Ráðhúsinu - Austurvegi 2  
800 Selfoss

miðvikudagur, 11. maí 2022  
MÍ202205-0074/ 6.06

## Eyrarbraut 45, Stokkseyri, Unhóll (3550)

Í tölvupósti dags. 6.5.2022 leitar Guðjón Þórir Sigfússon verkfræðingur eftir álit Minjastofnunar Íslands á aðaltekningum vegna breytinga á Eyrarbraut 45, Unhóli. Með erindinu fylgja aðaluppdrættir af breytingunni.

Húsið Unhóll er að stofni til frá 1898 og nýtur friðunar vegna aldurs skv. 1. mgr. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Í því felst að óheimilt er að raska húsinu, spilla því eða breyta, rífa eða flytja úr stað, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands sbr. 2. mgr. 29. gr. Í byggða- og húsakönnun frá 2012 er Unhóll talið hafa lágt varðveislugildi þar sem húsið er mjög mikið breytt frá upphaflegri gerð. Sótt er um að endurnýja glugga, klæða útveggi með báruklæðningu og ýmsar tæknilegar endurbætur.

*Minjastofnun heimilar breytingar á Eyrarbraut 45, Stokkseyri, Unhóli, samkvæmt uppdráttum Guðjóns S. Sigfússonar dags. 24. apríl 2022. Leitast er við að færa glugga og ytra borð hússins í búning sem betur hæfir aldri þess og upprunalegri gerð. Mikilvægt er að hafa fög (föst og laus) í öllum opum nýrra glugga (ekki glerjað beint í karm). Jafnframt er brýnt að umbúnaður og frágangur við glugga- og dyraop (gerekti og vatnsbretti) mið af einkennandi deililausnum bárujárnsklæddra timburhúsa frá fyrri hluta 20. aldar. Hafa má til hliðsjónar leiðbeiningarít Húsafriðunarnefndar um tréglugga og útveggjaklæðningar sem nálgast má á heimasíðu Minjastofnunar: [www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)*

Virðingarfyllt,  
f.h. Minjastofnunar Íslands

Uggi Avarsson  
minjavörður Suðurlands

Afrit í tölvupósti: [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is) [gudjon@vgs.is](mailto:gudjon@vgs.is)

